STJÓRNARTÍÐINDI B 82 – 2000

11. ágúst 2000 1421 Nr. 574

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi.

1. gr.

Frá og með 20. ágúst 2000 eru allar veiðar með rækjuvörpu bannaðar á svæði fyrir Norðurlandi milli 16°00´V og 18°00´V utan viðmiðunarlínu, sbr. 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að stunda rækjuveiðar á ofangreindu svæði, sé rækjuvarpan búin smárækjuskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 253, 17. apríl 1997, um gerð og búnað smárækjuskilju með síðari breytingum.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. ágúst 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 82, nr. 574. Útgáfudagur 14. ágúst 2000.

B 98
Gutenberg